

7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu byggingarkostnaðar, sem er í gildi, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan á verki stendur, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 3. og 6. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

9. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjaldddagi afborgana er 1. júlí. Vextir 10% greiðast eftir á á sömu gjaldddögum.

10. gr.

Gatnagerðargjaldið má taka lögtaki í viðkomandi fasteign, og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjaldddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297 10. október 1973.

1. gr.

Á eftir fyrri málsgr. 1. töluliðs 27. gr. komi ný málsgrein: „Heimilt er þó að leita Geitland til Fljótstunguréttar“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefur samið, staðfestist hér samkvæmt sveitastjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969, til þess að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. ágúst 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Haukur Jörundarson.